



Staðsetning hitastigulsholna kringum Grenivík

**Kristján Sæmundsson,
Ólafur G. Flóvenz**

Greinargerð KS-ÓGF-97-12

02-06-1997

STAÐSETNING HITASTIGULSHOLNA KRINGUM GRENIVÍK

Í framhaldi af ákvörðun Grýtubakkahrepps um jarðhitaleit með hitastigulsborunum voru borstaðir athugaðir þ. 26.5. 1997. Reynt var að hafa borstaðina jafndreifða innan hóflegar fjarlægðar frá þorpinu, þar sem grunnt væri á fast berg. Þá var að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra vísbendinga um jarðhita sem kunnugt var um eða fundust á þessu svæði auk fyrri borana við þekktar laugar og volgrur. Eftirtaldir staðir voru skoðaðir/valdir.

- 1) **Miðgerði.** Staðurinn er við Fnjóská, um 10 m yfir ánni. Dýpi á fast berg er um 3-4 m. Aðkoma er eftir braut af aðalvegi niður á tún, síðan fylgt túnjaðri vestan við skurð að girðingu sem liggur meðfram ánni. Taka þarf girðinguna niður við hornstaur, þar sem hlið er á henni. Síðustu 20-30 metrnir að borstaðnum eru óræktarmói. Holudýpi 50 m.
- 2) **Lómatjörn.** Staðurinn er ofan vegar um 300 m suðaustan við bæinn, norðan megin við fornan gróinn vatnsfarveg. Frá vegi þarf að fara 100-200 m spöl yfir girðingu og harðbala-holt, og er óslétt smábrekka á leiðinni. Dýpi á fast er um 1 m. Holudýpi 50 m.
- 3) **Hléskógar.** Staðurinn er á holtrana um 100 m ofan við bæinn rétt austan við veginn að Kolgerði. Fara þarf niður af vegkantinum. Síðan er smáhallandi þýfi 20-30 m að borstaðnum. Dýpi á fast er 1-2 m. Holudýpi 50 m.
- 4) **Hvammur.** Staðurinn er vestan við gilið. Klettur er að því 50-60 m innan við borstaðinn. Grófur ruðningur er fram úr gilinu og er borstaðurinn á honum. Dýpi á fast líklega 5-10 m. Farið er upp frá bænum eftir harðbala. Grafningur og þvergarðar úr mold eru 30 m neðan við borstaðinn, þar ofan við um 5 m breiður bleytusvakki, vel mannheldur. Holudýpi 50 m.
- 5) **Pengilbakki.** Staðurinn er rétt sunnan við Grenivík, neðan vegar á móts við íbúðarhúsið. Þar er mjó renna (um 5 m), kargapýfð milli vegarins og sjávarbakkans sem þarna er um 10 m hár. Fara þarf niður af óþægilega háum vegkanti til að komast á borstaðinn. Lítil viðvera er í húsinu, en borstaðurinn er einungis 20-30 m frá því. Bora þyrfti í sunnanátt til að fá ekki rykið yfir húsið. Dýpi á fast er um 6 m. Holudýpi 50 m.
- 6) **Árbakki.** Staðurinn er á sjávarbakka skammt norðan við Grenivík. Aðkoma er af veginum út að Finnastöðum niður að gömlum útihúsum frá Árbakka og þaðan eftir sléttum velli á sjávarbakkanum að girðingarhorni kringum kartöflugarð tilheyrandi Holti. Dýpi á fast berg er um 5 m. Hæð yfir sjó um 15 m. Holudýpi 55 m.
- 7) **Hringsdalur.** Staðurinn er á sjávarbakka neðst í túni neðan við eyðibýlið Hringsdal. Slóð liggur frá veginum skammt innan við ræsi í dalbotninum, yfir lækinn og niður að bæjar-rústunum. Leiðin er svolítið votlend á köflum. Þaðan þarf að aka í hlykkjum niður túnið, sem er frekar bratt, og fram undir klettabrúnina. Holudýpi 80 m og áætlað dýpi á fast er um 2-3 m.

MÁ EKKI FJARLÆGJA

- 8) **Hjalli/Finnastaðir/**. Staðurinn er á sjávarbakka skammt frá læknum sem rennur rétt austan Hjalla. Ekið er frá veginum rétt austan við lækinn milli Hjalla og Finnastaða, framhá kartöflugarði og niður undir brún fjörुकlettanna. Þar á holan að vera. Bordýpi 70 m og áætlað dýpi á fast er 2 m.
- 9) **Höfði**. Staðurinn er um 400 m norðan við bæinn. Þangað liggur slóð upp með útihúsunum. Síðasta spölinn þarf að keyra yfir ræsi á skurði og túnhorn til að komast að holtssenda þar sem holan á að vera. Dýpi á fast er ca 3-5 m. Holudýpi 50 m. Afbræðslur eru í lóninu þarna framundan.
- 10) **Nes**. Staður a er rúmlega 2 km norðan við bæinn, norðvestan undir holtssrana sem liggur meðfram lóninu að austan. Ekið er eftir slóð langleiðina norður eftir. Síðustu 200 metrana þarf að fara fyrst yfir bleytusvakka (flugvallarjárn nauðsynleg) og síðan eftir sandfjöru og grónum bakka, þar til kreppir svo að ekki verður lengra komist. Dýpi á fast líklega 10-15 m. Holudýpi 50 m.
- 11) **Nes**. Staður b er um það bil 1,5 km í norðaustur frá bænum, við 11,4°C heita volgru í mýrinni sem hallar norður og austur frá holtunum. Dýpi á fast gæti verið 20-30 m. Aðkoma er eftir traktorsbraut frá Hléskógum yfir skurð sem þarf að brúa með ræsi og síðan eftir skurðbakka síðasta spölinn. Holudýpi 70 m.

Lagt er til að byrjað verði á holunum í Höfða og Nesi (a og b). Í Nesi eru vísbendingar um jarðhita á báðum borstöðunum. Í Höfða er borað nærri virkri jarðskjálftasprungu (sbr. djúpskjálftaupptök, mynd 2). Hún gæti verið með bröttum halla, annað hvort til austurs eða vesturs og því eitthvað til hliðar nærri yfirborði. Að þessum holum boruðum gæti þurft að endurskoða val borstaða, hugsanlega sleppa syðstu og nyrstu holunum, enda voru fleiri borstaðir skoðaðir/valdir til að geta breytt út af ef tilefni yrði til.

Kristján Sæmundsson

Ólafur G. Flóvenz

2 Jun 1997 ÖGT
xy V1.0





Hringisdalur

Hjalli

Finnstadir

Melar

Arbakk

Akurbakk

Grenivík

Jarntstadir

Church

Hvammur

Svaedhi

Bardhartjörn

Kvígdalur

HOFDAHLHVERFI

Höll

Sund

Grasheið

Rjúns

Worðhi

Kl[á]strönd

Braedhratunga

Brautarhöll

Heluta

Lónshöfði

Nes

Helguhöll

Laufráttur

Sand

Laufráttur

Church

Thorsteinsstaðeyri

Thorsteinsstaður

Nollur

Nollavík

Sæból

Frannes

Amarnesvík

Amarnesafir

Amarnes

Laufráttur

Fograbasirgrati

Stórih

77

VI

Dafnys

Pángerð

Litlage

Borgargarði

Midgarði

Grund

Lomatiörn

Hléskógar

Gryhubakk

Kolgerði

Gröta

Strjúsgill

Sandfell

Hvammshellir

SYEYGSFJ

21

20

19

18

16

15

13

30

12

11

10

09

08

26

27

34

35

32

31

33

34

35